

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Kristín María Thoroddsen, formaður

Hafnarfirði 4.9.2020

Kæru viðtakendur

Eflaust þekkið þið vel byggingarsögu Áslandsskóla. Eflaust þekkið þið einnig langvarandi umræðu er tengist ósk um byggingu íþróttahúss við skólann og bætingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar við Áslandsskóla.

Ástæða þess að við ritum þetta bréf er ósk okkar í skólasamfélaginu í Áslandi að laga það ójafnrétti og þá mismunun sem grunnskólabörn í Hafnarfirði búa við, hvað varðar íþrótt- og sundtíma og aðstöðu á skólalóð.

Tafla 1.0

Skóli	Íþróttasalur/Íþróttahús	Sundlaug	Hreystibraut
Áslandsskóli	-	-	-
Engidalsskóli	X	-	-
Hraunvallaskóli	X	-	-
Hvaleyrarskóli	-	-	-
Lækjarskóli	X	X	X
Setbergsskóli	X	-	-
Skarðshlíðarskóli	X	-	X
Víðistaðaskóli	X	-	-
Öldutúnsskóli	-	-	-

Eins og taflan hér að ofan sýnir er ekki íþróttahús/íþróttasalur við Áslandsskóla. Við Áslandsskóla er ekki sundlaug. Við Áslandsskóla hefur ekki verið sett upp hreystibraut. Við Áslandsskóla væri hægt að bæta til muna aðstöðu á leiksvæði skólalóðar.

Ljóst er að skóladagur nemenda í Áslandsskóla er lengri en skóladagur nemenda í öðrum grunnskólum bæjarins vegna þess tíma sem bætist við vegna aksturs í íþróttir og sund. Fyrir hvern nemanda eru það þrjár stundir í viku og viðbótartími bætist framan við og aftan við hverja af þeim kennslustundum. Það kemur niður á þátttöku nemenda okkar í íþrótt- og frístundastarfi því æfingar íþróttafélaga eru stundum hafnar áður en okkar nemendur hafa lokið skóladegi.

Óhætt er að segja að skólalóð Áslandsskóla hafi setið á hakanum og sé langt í frá að vera fullnægjandi í samanburði við aðrar skólalóðir í sveitarfélaginu eða ef litið er til þeirrar kröfu sem gerð er til skólalóða almennt. Bréf þetta er ekki til þess ætlað að önnur höndin bendi á hina, því okkur er auðvitað ljóst að rekstur Áslandsskóla er frábrugðinn öðrum grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar. Húseigendur hafa eitthvað um málið segja líkt og bærinn. Hins vegar er jafnljóst að þegar Hafnarfjarðarbær ákvað að setja færanlegar stofur og langþráðan sparkvöll á skólalóð Áslandsskóla varð mikið rask á lóðinni og gengið mjög mikið á leiksvæði nemenda. Nokkuð ljóst að hér þarf endurskiplagning að fara fram þegar í stað.

Hafnarfjörður er heilsueflandi samfélag. Áslandsskóli er heilsueflandi skóli. Við hljótum að gera þær kröfur að skólalóðir við grunnskóla bæjarins séu í lagi í öllum skólum og séu þannig úr garði gerðar að þær hvetji til hreyfingar og útivistar, sér í lagi skólalóð við þann skóla þar sem skóladagur er hvað lengstur. Á okkar skólalóð mætti t.d. koma körfuboltavöllum í nútímalegt horf með nýjum körfum og nýju sér merktu undirlagi eins og sést víða annars staðar, hægt væri að setja upp trampólín með öryggismottum, setja upp pannavelli, nú og auðvitað að setja upp hreystibraut líkt og komið hefur verið fyrir við tvo skóla bæjarins.


Við undirrituð, fyrir hönd skólasamfélagsins í Áslandi, óskum eftir því að nemendur Áslandsskóla sitji við sama borð og aðrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði.

Við óskum því eftir svari fræðsluráðs við eftirfarandi:

- 1) Stendur til að byggja íþróttasal/íþróttahús við Áslandsskóla? Ef já, hver er tímaramminn?
- 2) Stendur til að byggja sunaðstöðu við Áslandsskóla? Ef já, hver er tímaramminn?
- 3) Stendur til að reisa hreystibraut við Áslandsskóla? Ef já, hver er tímaramminn?
- 4) Stendur til að endurskipuleggja skólalóð Áslandsskóla í samvinnu við húseigendur? Ef já, hver er tímaramminn?

Með vonum jákvæðar viðtökur og skjót viðbrögð nemendum okkar til heilla.

Virðingarfyllst,



Kristín Ólöf Grétarsdóttir

Formaður Foreldrafélags Áslandsskóla



Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri Áslandsskóla

Afrit:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri Mennta- og lýðheilsusviðs